



## AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRA 2020-2032

Breyting á Brúnum 1

Verslunar- og þjónustusvæði Vþ17

31.03.2023

Br. 14.03.2024



## Samþykktir

Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 30. gr skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra þann 21.3.2024 (sj)



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 6.5.2024

Gundur Lára Óvinnud.



## SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: 14. maí 2023 með athugasemdafresti til: 26. maí 2023

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 9. janúar 2024 með athugasemdafresti til: 24. febrúar 2024

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: \_\_\_\_\_

## UPPLÝSINGAR

### SKJALALYKILL

102538-GRG-001-V02

### HÖFUNDUR

Margrét Sigurðardóttir

### RÝNT

Ingibjörg Sigurðardóttir

## EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	4
3.1	Landskipulagsstefna 2015-2026	4
3.2	Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032	5
3.3	Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu	5
3.4	Deiliskipulag	5
3.5	Minjar	5
4	BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAG	6
4.1	Breytingar á uppdrætti	6
4.2	Breytingar á greinargerð	6
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	7
5.1	Umhverfisþættir og áherslur	7
5.2	Umhverfisþættir, matssprungar og viðmið	7
5.3	Mat á umhverfisáhrifum stefnu skipulagsins	8
5.4	Niðurstaða	8
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	9
6.1	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	9
6.2	Skipulagsferlið	9
6.3	Breyting tillögu	9
6.4	Breyting að lokinni auglýsingu	9

## 1 INNGANGUR

Rangárþing eystra vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032, skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Á Brúnum 1 er gert ráð fyrir verslunar- og þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn, auk bílastæðis og leik/útisvæðis. Með breytingunni hækkar byggingarmagn úr 340 m<sup>2</sup> í 700 m<sup>2</sup>.

Markmiðið með breytingunni er að auka þjónustu við innlenda og erlenda ferðamenn sem ferðast um svæðið. En skipulagssvæðið er við Suðurlandsveg og veg niður að Landeyjahöfn og er mikil umferð þarna framhjá, hvort sem að um er að ræða Íslendinga eða erlenda ferðamenn.

### 1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á skilmálum í greinagerð aðalskipulags og stafrænum gögnum skipulagsins.

## 2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið er á um 1,6 ha spilda í landi Brúna 1. Svæðið er við Landeyjarhafnarveg, skammt vestan Markarfljóts. Svæðið er, upphaflega úr landi Brúna (L163751) og er á lóðinni Brúnum – vegur (L218558).

### Gróður

Svæðið er uppgräddir melar en er mikið raskað, bæði vegna flóða áður en Suðurlandsvegur og varnargarðar Markarfljóts voru byggðir og einnig í tengslum við vegagerð þegar nýr vegur var lagður til Landeyjarhafnar. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ er að finna auravist og hraungambravist á svæðinu.

### Náttúruvá

Svæðið er innan tveggja verndarsvæða – þ.e.a.s hverfisvernd HV7 og undir náttúruvá vegna jökulhlæpa úr Eyjafjalla- og Mýrdalsjöklum. En viðvörunarkerfi er til staðar fyrir alla íbúa og er miðlun viðvarana og upplýsinga til ferðamanna.

## 3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

### 3.1 Landsskiplagsstefna 2015-2026

Um skipulag í dreifbýli segir:

„Marka skal stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli ákvörðun um staðsetningu og hönnun mannvirkja taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að greina sérstöðu, styrkleika og staðaranda viðkomandi svæðis með tilliti til tækifæra í ferðaþjónustu. Skipulagsákvarðanir um ferðaþjónustu taki mið af náttúruverndarsjónarmiðum og kortlagningu á

auðlindum ferðapjónustunnar. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði tekið tillit til þeirrar hættu sem stafar af náttúrvá, svo sem vatnsflóðum, eldgosum, jökulhlaupum og jarðskjálftum. ”

### **3.2 Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032**

#### **Verslun og þjónustusvæði (Vþ)**

Mikilvægt er að verslun og þjónusta byggist upp víða í sveitarfélagini til að efla ferðamennsku og anna þeim aukna ferðamannastraumi sem ferðast um Suðurlandið, auk þess að þjónusta íbúa svæðisins og gesti.

Eftirfarandi eru almennir skilmálar um verslunar- og þjónustusvæði:

- Stærð lóða og heildar byggingarmagn skal fara eftir umfangi og eðli starfsemi hverju sinni.
- Í deiliskipulagi verði skilgreint umfang og eðli verslunar- og þjónustusvæða. Þar verði skilgreind frekari uppbygging á þjónustu. Lögð er áhersla á góðan frágang lóða. Bílastæði skulu vera innan hvernar lóðar og nægilega mörg til að anna þeirri starfsemi sem fer fram á lóðinni.

### **3.3 Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu**

Breytingin er í samræmi við landsskipulagsstefnu og gildandi aðalskipulag hvað varðar yfirbragð og hönnun mannvirkja. Útlit og ásýnd mannvirkja skulu taka mið af landslagi og staðháttum. Svæðið liggur vel að samgöngum.

#### **3.4 Deiliskipulag**

Deiliskipulag fyrir svæðið er í gildi og var staðfest árið 2019. Á svæðinu sem aðalskipulagsbreytingin tekur yfir er í deiliskipulagi gert ráð fyrir verslunar- og þjónustumiðstöð, leik- og útisvæði og allt að 100 bílastæðum og „camper“ bíla og 6 rútustæðum. Einnig er gert ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla. Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður gerð breyting á gildandi deiliskipulagi.

#### **3.5 Minjar**

Engar þekktar fornminjar eru á skipulagssvæðinu samkvæmt fornleifaskráningu. Ef vart verður við fornleifar við framkvæmdir á svæðinu skal stöðva framkvæmdir og upplýsa Minjastofnun Íslands um fundinn svo fljótt sem unnt er, samanber 2. mgr. 24. laga um menningarminjar (nr. 80/2012).

## 4 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAG

### 4.1 Breytingar á uppdrætti

Engar breytingar eru gerðar á uppdrætti.

### 4.2 Breytingar á greinargerð

#### Stefna í gildandi skipulagi

Í gildandi aðalskipulagi kemur meðal annars fram eftirfarandi stefnur og markmið:

Stuðlað skal að fjölbreyttu og öflugu atvinnulífi. Leitast verði við að styðja ný atvinnutækifæri og nýsköpun og efla þá þjónustu sem er til staðar. Áfram verði unnið við uppbyggingu ferðapjónustu m.a. í samræmi við stefnu Kötlu UNESCO jarðvangs.

Texti í gildandi greinargerð:

**TAFLA 1.** Tafla í gildandi aðalskipulagi um verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
Vþ17	Brúnir	Ferðapjónusta, þjónustumiðstöð. Lágreist mannvirki um 340 m <sup>2</sup> . Við hönnun mannvirkis verði tekið tillit til viðkvæms umhverfis. Óheimilt er að planta framandi ágengum tegundum á skipulagsvæðinu. Uppbygging samkv. Deiliskipulagi.	3,0

#### Stefna í breyttu skipulagi

Skilmálum fyrir verslunar- og þjónustusvæðið Vþ17 er breytt og byggingarmagn lóðar hækkað úr 340 m<sup>2</sup> í 700 m<sup>2</sup>.

Texti í breytri greinargerð:

**TAFLA 2.** Tafla eftir breytingu í gildandi aðalskipulagi um verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli.

AUÐKENNI	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRD HA
Vþ17	Brúnir	Ferðapjónusta, þjónustumiðstöð. Lágreist mannvirki um 700 m <sup>2</sup> . Við hönnun mannvirkis verði tekið tillit til viðkvæms umhverfis. Óheimilt er að planta framandi ágengum tegundum á skipulagsvæðinu. Uppbygging samkv. Deiliskipulagi.	3,0

## 5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Breyting aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat og áætlana nr. 111/2021.

Meta skal líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti skipulagsins sjálfss. Þetta eru þættir eins og vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðivist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmóti byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþættir eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til. Matið felst í verklagi sem beitt er til að stuðla að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun við gerð skipulags og draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Umhverfismatið felur í sér mat á líklegum áhrifum þeirrar stefnu sem sett er fram.

### 5.1 Umhverfisþættir og áherslur

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „Vægi umhverfisáhrifa fer almennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímалengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

### 5.2 Umhverfisþættir, matssurningar og viðmið

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Áhrif af breytingarinnar á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Við matið er horft til neðangreindra umhverfispáttu og leitast við að svara matssurningum m.t.t. þeirra viðmiða sem talin eru upp í töflunni:

**TAFLA 3.** Umhverfisþættir, matssurningar og viðmið.

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið	Matssurningar
<b>Land og landslag</b> <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032. Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"> <li>Við uppbyggingu verslunar- og þjónustusvæðis skal vera lögð áhersla á að mannvirkni falli sem best að landslagi.</li> <li>Mannvirki skulu vera látlas og nota skal byggingar-efni sem þarfast lítils viðhalds. Gerð er krafa um vandaðan frágang mannvirkja og að raskað svæði falli sem best að aðliggjandi landi.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
<b>Gróður</b> <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i>	Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032. Vistgerðarkortlagning Ní. <ul style="list-style-type: none"> <li>Raskist gróður land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp.</li> </ul>	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?
<b>Heilbrigði</b> <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Öryggi.</i>	Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032. <ul style="list-style-type: none"> <li>Öll mannvirkni skulu hafa fráveitu sem viðurkennd er af heilbrigðiseftirliti.</li> <li>Takmarka hávaða og ónæði við nærliggjandi býli.</li> <li>Umferðaráryggi við hringveginn</li> </ul>	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins?

Umhverfispáttur	Umhverfisviðmið	Matsspurningar
<b>Samfélag</b> <i>Atvinnulif.</i> <i>Ferðaþjónusta.</i>	Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032. Landsskipulagsstefna 2015-2026. <ul style="list-style-type: none"><li>• Efla ferðaþjónustu í sveitarfélagini og anna ferðamannastraumi um Suðurlandið.</li><li>• Uppbygging atvinnu á svæðinu.</li></ul>	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á þjónustu við ferðamenn?
<b>Náttúru- og menningarminjar</b> <i>Hverfisvernd.</i> <i>Fornminjar.</i>	Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032. Náttúruminjaskrá. Aðalskráning fornminja. <ul style="list-style-type: none"><li>• Leitast verði við að varðeita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær.</li></ul>	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

### 5.3 Mat á umhverfisáhrifum stefnu skipulagsins

**Grunnástand:** Ferðaþjónusta, þjónustumiðstöð. Lágreist mannvirki um 340 m<sup>2</sup>. Við hönnun mannvirkis verði tekið tillit til viðkvæms umhverfis.

**Breyting aðalskipulags:** Ferðaþjónusta, þjónustumiðstöð. Lágreist mannvirki um 700 m<sup>2</sup>. Við hönnun mannvirkis verði tekið tillit til viðkvæms umhverfis.

**Áhrif á land og landslag:** Svæðið er þegar raskað og heimilt að byggja upp. Aukið byggingarmagn kemur til með að hafa auka sjónræn áhrif en hægt er að draga úr umfangi þeirra með skilmálum í deiliskipulagi. Mannvirki verða einungis á einni hæð.

**Áhrif á gróður:** Takkörkuð áhrif á gróður, svæðið verður grætt upp til að prýða yfirbragð svæðisins. Þó ekki með ágengum gróðri.

**Áhrif á heilbrigði:** ekki er hætta á mengun ef gengið er frá fráveitu og úrgangi með viðeigandi hætti skv. lögum og reglugerðum þar að lútandi. Umferð um svæðið mun aukast en hugað verður að umferðaröryggi í deiliskipulagi.

**Áhrif á samfélag:** jákvæð, verið er að styrkja stoðir ferðaþjónustunnar á samgöngu innviða á landinu, gagnast innlendum og erlendum ferðamönnum. Eykur straum fólks um sveitarfélagið. Verið er að skapa atvinnutækifæri í þjónustumiðstöðunni.

**Áhrif á náttúru- og menningarminjar:** óveruleg, . Svæðið nær inn á Hverfisverndarsvæðið HV7 sem er verndað sem mikilvægt fuglasvæði. Nú þegar er vegur um svæðið og mikil umferð. Ekki er talið líklegt að uppbygging þjónustumiðstöðvar komi til með að hafa teljandi áhrif á varpsvæði eða fuglalíf, umfram það sem er nú þegar. Engar menningarminjar eru innan svæðisins.

### 5.4 Niðurstaða

Sveitarfélagið telur að breytingin hefur í heildina jákvæð áhrif fyrir sveitarfélagið. Verið er að byggja upp þjónustu til að taka á móti innlendum og erlendum ferðamönnum, en ferðamönnum í sveitarfélagini hefur aukist riflega. Þegar er samþykkt deiliskipulag fyrir uppbyggingu á svæðinu og er aðeins verið að auka byggingarmagn til þess að svæðið standi undir þeim straumi ferðamanna sem fer um svæðið. Til að draga úr sjónrænum áhrifum verða settir skilmálar í breytingu á deiliskipulagi um

aðgerðir til að draga úr sjónrænum áhrifum á ganga úr skugga um að mannvirki sé aðlöguð að landslagi og ásýnd svæðisins.

## 6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagslýsing var kynnt í mars 2023. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Vegagerðinni og Veðurstofu Íslands. Eftir því sem við á hefur verið tekið tillit til athugasemda.

### 6.1 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Óskað verður eftir umsögnum eftir atvikum.

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Vegagerðin

### 6.2 Skipulagsferlið



### 6.3 Breyting tillögu

Eftir samþykkt sveitarstjórnar til auglýsingar bárust ábendingar frá Skipulagsstofnun varðandi matssprungunar í tillögu og kynningu tillögunar. Gerðar voru breytingar á kafla 5.3 og brugðist við ábendingum vegna kynningar á vinnslustígi.

### 6.4 Breyting að lokinni auglýsingu

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma sem kalla eftir breytingu á tillögu.